

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Eyra.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 10,80 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

##### 4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald:

a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ " .....	kr. 75,60
b) fyrir mæla 1" til 2" .....	kr. 151,20
c) fyrir mæla 3" eða stærri .....	kr. 302,40

##### 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 54,00.

## 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

## 7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Rúmmál húsa (utanmál)	Heimæðagjald
Allt að 500 m <sup>3</sup>	kr. 8 100,00 + 16,20 kr/m <sup>3</sup>
500—2 000 m <sup>3</sup>	kr. 16 200,00 fyrir 500 m <sup>3</sup> + 16,20 kr/m <sup>3</sup> þar yfir.
2000—6000 m <sup>3</sup>	kr. 32 400,00 fyrir 2000 m <sup>3</sup> + 8,10 kr/m <sup>3</sup> þar yfir.
Meira en 6000 m <sup>3</sup>	kr. 64 800,00 fyrir 6000 m <sup>3</sup> + 6,48 kr/m <sup>3</sup> þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 512,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

## 8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. okt. 1981 (811 stig).

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

## 9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI.

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, kr. 108,00 hverju sinni.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 og birtist til eftir-

breytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 560 1. október 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Selfoss.

#### I Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 3,35 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 917,00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m<sup>3</sup>, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m<sup>3</sup>.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

#### II Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

- |   |            |
|---|------------|
| 1. Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " ..... | kr. 423,00 |
| 2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" .....               | kr. 594,00 |

#### III Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m<sup>3</sup>, kr. 8 610,00

400 til 2 000 m<sup>3</sup>, kr. 8 610,00 af 400 m<sup>3</sup> + kr. 7,24 á m<sup>3</sup> þar yfir að 2 000 m<sup>3</sup>.

2 000 m<sup>3</sup> kr. 20 194,00 + kr. 5,90 á m<sup>3</sup> þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 1 480,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

#### IV Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 86,00

#### V Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að